

MINNISBLAÐ

Verkefni: Naustahvilt, deiliskipulag og aðalskipulag

A1224-008-U01

Dags. 2017-10-24

Til: Hálf dán Bjarki Hálf dánarson, Axel R. Överby, Þórdís Sif Sigurðardóttir Ísafjarðarbæ.

Staða verkefnis

Unnið er að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæðið í Naustahvilt. Þar liggur vinsæl gönguleið frá Þjóðveginum í hvíltina sem hefur látið á sjá. Huga þarf að öryggi fyrir göngufólk og stefnt er að því að leggja góðan göngustíg í hvíltina. Skilgreina þarf aðkomu, bílastæði og umhverfisfrágang við upphaf og enda gönguleiðar. Á sama tíma er unnið að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar þar sem Naustahvilt og næsta nágrenni verður skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.

Tengiliður verkefnis hjá Ísafjarðarbæ hefur verið Axel R. Överby en hjá Alta hafa Hrafnhildur Brynjólfssdóttir og Þóra Kjarval unnið að verkefninu.

Í **janúar 2017** fól Ísafjarðarbær Alta að vinna deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi.

Í **apríl 2017** kynnti Ísafjarðarbær skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag sem sjá má í viðauka. Umsagnir um lýsinguna bárust frá Isavia, Vegagerðinni, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Veðurstofnunni, Náttúrufræðistofnun og Skipulagsstofnun. Engar efnislegar athugasemdir voru gerðar við lýsinguna en umsagnaraðilar komu með gagnlegar ábendingar sem nýtast áfram í verkefninu svo sem upplýsingar um minjar og ofanflóð.

Þann **13. september 2017** komu fulltrúar Alta, Hrafnhildur Brynjólfssdóttir og Þóra Kjarval á fund skipulags- og mannvirkjanefndar og kynntu drög að nýju deiliskipulagi fyrir nefndinni. Um leið var farið yfir þær umsagnir sem bárust við lýsingunni.

Nú í lok **október 2017** er staða verkefnisins eftirfarandi:

- Deiliskipulag
 - Fyrir liggja drög að greinargerð deiliskipulags og skipulagsupprætti.
 - Þann 17. október var ákveðið að fá landslagsarkitekta hjá Landslagi ehf. til að skoða legu göngustígsins upp brekkuna að áfangastað við stein í hvíltinni, með viðkomu á áningarstað þar sem áform eru um að setja minnismerki. Einnig var óskað eftir hugmyndum um efni og gerð stígsins.
 - Þegar niðurstaða er komin fyrir legu og útfærslu göngustígsins verður gengið frá deiliskipulagstillögu til kynningar fyrir almenningi.
- Aðalskipulag
 - Greinargerð með breytingunni liggur fyrir í góðum drögum og er tilbúin til kynningar á vinnslustigi um leið og deiliskipulagið liggur fyrir.

Stefnt er að því að ljúka skipulagsferli vegna deiliskipulags og aðalskipulags í vetur.

Verkefnið hlaut styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en úrbætur á gönguleið upp í Naustahvilt eru á forgangslista Landsáætlunar yfir verkefni sem eru ætluð til verndar náttúru- og menningarsögulegra minja á ferðamannastöðum á Vestfjörðum árið 2017. Í kostnaðaráætlun vegna verkefnisins er því skipt í þrjú verkþætti:

- 1. verkþáttur. Deiliskipulagsvinna.
 - Miðað er við að vinnustundir vegna skipulagsráðgjafa fyrir deiliskipulag verði 65 af hendi skipulagsráðgjafa Alta til að skila tillögu sem er tilbúin til auglýsingar.
 - Miðað er við að vinnustundir vegna aðalskipulagsbreytingar verði 20 af hendi ráðgjafa til að skila tillögu sem er tilbúin til auglýsingar.
 - Vinna við breytingar í kjölfar athugasemda eftir auglýsingu hefur ekki verið áætluð. Umfang þeirrar vinnu er óljóst en miða má við 5-15 tíma +/-.
 - Ferðakostnaður vegna einnar ferðar ráðgjafa til Ísafjarðar, sem er lokið, var um 45.000.
- 2. verkþáttur. Hönnun
 - Óskað hefur verið eftir ráðgjöf landslagsarkitekta við forhönnun á gönguleið og um efnisval. Umfang 10-20 tímar.
 - Að öðru leyti er vinna við þennan verklið ekki hafin. Æskilegt er að hún fari fram í vetur, samhliða auglýsingu á skipulagstillögum.
- 3. verkþáttur. Framkvæmd.
 - Stefnt er á framkvæmdir sumarið 2018.

2017-10-24

Hrafnhildur Brynjólfsson